

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðisnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

31. mars 2008

Efni: Umsögn SVP um frumvarp til laga um lyfjalög, nr. 93/1994 með síðari breytingum, 464. mál.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu hafa fengið tilvitnað frumvarp til umsagnar þar sem lagðar eru til þýðingarmiklar breytingar á gildandi lögum. Samtökin harma að þau hafi ekki fengið tækifæri til að koma að þessu máli á fyrri stigum og mótmæla þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið. Það er yfirlýst stefna á EES svæðinu og má segja að sé vel staðfest í nýlegri niðurstöðu nefndar sem dómsmálaráðherra stýrði varðandi ESB málefni, að hagsmunaaðilum (þ.á.m. þjóðum) gefist tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum að á vinnslustigi frumvarpa til laga og við vinnslu reglugerða. Með því móti gefst tækifæri til að meta öll sjónarmið og viðhorf og skila þar með vandaðri vinnu en þegar frumvörp eru samin í einangrun innan ráðuneyta og stofnanna. Jafnframt er á meginlandinu lögð skylda á lagasmiði að birta umsögn um áhrif viðkomandi regluverks á atvinnulíf og umhverfi ekki síður en á fjármál ríkisins. Það frumvarp sem hér er til umræðu hefur veruleg áhrif á rekstur lyfsölufyrirtækja í landinu sem þó hafa ekki fengið tækifæri til að fjalla um það fyrr en nú.

SVP efast um að samþykkt þessa frumvarps leiði til þeirra lækkana á lyfjaverði til neytenda sem stefnt er að. Afnáam breytilegra afsláttá til viðskiptavina getur leitt til hækkana á því verði sem neytendur þurfa að greiða fyrir lyf, einkum aldraðir og öryrkjar. Af sömu ástæðu teljum við að samþykkt frumvarpsins muni hindra verðsamkeppni á innlendum markaði sem við teljum andstætt hagsmunum neytanda.

Umsögn um einstakar greinar:

2. grein heimilar sölu nikótín- og flúorlyfja utan lyfjabúða. Um þetta atriði eru tvær skoðanir innan SVP. Almenna verslunin vill fá nikótínlyf til sölumeðferðar með svipuðum formerkjum og tóbak. Leggur þessar vörur að jöfnu eða telur a.m.k. óeðlilegt að geta selt tóbak en ekki nikótínlyf. Þetta sé líka aukin þjónusta við almenning. Hinsvegar mótmæla lyfsalar því að lyfsala sé færð út úr apótekunum þar sem hér er um lyf að ræða og álíta að aðgengi að þeim muni aukast ef frumvarpið verður að lögum. Verði frumvarpið samþykkt þá telja lyfsalar að einungis minnstu pakkningar og skammtastærðir verði heimilaðar til sölu í almennri verslun til þess að draga úr hættu á misnotkun. Sala nikótínlyfja eigi að lúta sömu reglum og sala tóbaks þ.e. ekki vera sýnileg í verslunum. Ljóst er að velta í sölu nikótínlyfja er mikil og færsla nikótínlyfja í almennar verslanir vegur að starfsgrundvelli lyfjaverslana, sérstaklega á landsbyggðinni, og framlegð lyfjaverslana mun dragast umtalsvert saman ef frumvarpið nær fram að ganga.

3. grein. Þar er fellt niður bann við póstverslun með lyf og ráðherra heimilað að setja nánari reglur um þetta með reglugerð. Gert er ráð fyrir að póstverslunin verði bundin


lyfsöluleyfjum og sé í tengslum við starfandi apótek. SVP telja að póstverslanir sem líklega verða reknar á höfuðborgarsvæðinu, ef frumvarpið nær fram að ganga, geti leitt til þess að apótekum og útibúum þeirra fækki á landsbyggðinni og þetta veiki þar með stöðu apóteka á landsbyggðinni. Samtökin telja að þetta ákvæði auki hættu á kaupum ólöglegra eða falsaðra lyfja í gegnum erlendar póstverslanir. Girða þarf fyrir slíka hættu, en ekki er ljóst af frumvarpinu hvernig þetta verður gert. Einnig er bent á ójafnræði innlendra lyfsöluleyfshafa við erlenda að því er varðar möguleika til innkaupa á lyfjum á hagstæðu verði. Hér á landi er einkum einn birgir með hverja lyfjategund og ef apótek vill keppa við erlenda lyfsala sem geta selt lyf til Íslands eftir samþykkt frumvarpsins á Netinu þá þarf það að hafa heilðsöluleyfi og hefja innflutning, sem er annar rekstur en fyrirtækin eru í núna.

10. grein. Greinin er óskýr og sýnt er að hagsmunaðilar skilja hana ekki á sama veg. Sömuleiðis kom í ljós að skilningur fulltrúa heilbrigðisráðuneytisins og lyfjastofnunar á henni er mismunandi og engan veginn eins og textinn hljóðar þegar frumvarpið er lesið. Mikilvægt er að endurskrifa þessa grein. 10. grein tryggir ekki verðsamkeppni og eins og hún er skrifuð getur hún ekki þýtt annað en lögskipaða verðjöfnun í lyfjaverslunum um allt land. Í viðræðum við fulltrúa heilbrigðisráðuneytis hefur komið fram að með þessum texta hafi menn ætlað sér að segja að afslættir lögaðila með ákveðna kennitölu eigi að vera hinir sömu um allt land, en ekki að allir lyfsalar eigi að selja sömu vöru á sama verði og aðrir lyfsalar í landinu. Þetta er allt annar boðskapur en fram kemur í 10.gr. frumvarpsins. Það er auðvitað ekki hægt að fjalla um þetta mál af neinni skynsemi á meðan menn lesa þessa grein með nánast persónubundnum skilningi vegna ónákvæmrar textagerðar. Samkvæmt túlkun ráðuneytisstarfsmanna á 10.grein skal hver lögaðili með lyfsöluleyfi og ákveðna kennitölu tilkynna þá afslætti sem hann veitir og skulu þeir vera eins á öllum sölustöðum umrædds lögaðila. Sömuleiðis er alls ekki ljóst hvort átt er við kennitölu handhafa rekstrarleyfishafa. Ef átt er við kennitölu handhafa rekstrarleyfishafa þá leiðir það einfaldlega til stofnunar fleiri kennitalana rekstrarleyfishafa til að auka möguleika á uppsetningu á mismunandi verðprófilum. Slíka mismunandi verðprófila má sjá víða í smásölu t.d. hjá Baugi sem rekur bæði Bónus og Hagkaup. Greiðslur frá Tryggingastofnun verða því mismunandi fyrir sama lyf til mismunandi söluaðila. SVP benda á að ef umrædd grein verður umskrifuð þannig að hún feli þennan skilning í sér þá sé það óheppilegt þar sem fyrirtæki með ákveðna kennitölu reki í sumum tilfellum lyfjaverslanir undir mismunandi nafni (e. brand name) og með mismunandi þjónustu og verðstefnu (dæmi: Lyf&heilsa og Apótekarinn, Lyfja og Apótekið). Það er eðlilegra að miða ákvæði greinarinnar við slík verslunarform, sem hafa samræmt svipmót og starfshætti en við kennitöluna. Það hvetur til fleiri kennitalna og aukins flækjustígs sem ætíð hefur kostnað í för með sér sem er andstæður markmiði laganna. SVP telja að þessi grein sé líkleg til að koma í veg fyrir verðsamkeppni á báðum sölustigum lyfjaverslunar (heilðsala og smásala), einkum hverfur hún í heilðsölu. Fulltrúar lyfsala í lyfsalahópi SVP vilja einnig benda á að heilðsalar hafa veitt lyfjasmásölum afslætti sem smásalar hafa nýtt m.a. til að gefa viðskiptavinum afslætti í apótekinu. Þar sem banna á slíka afslætti þá finnst okkur fróðlegt að vita hvert þeir afslættir lyfjaheilðsala fara og hvort þeir muni ekki skila sér strax í lækkuðu heilðsöluverði.

SVP-Samtök verslunar og þjónustu telja að breytingar á smásöluálagningu, gildistaka nýrra og breytingar á endurgreiðslukerfinu þurfi að koma til framkvæmda á sama tíma til þess að tryggja heilðstæðar aðgerðir. Breytingar standa víða fyrir dyrum í kerfinu

þar sem m.a. er beðið eftir niðurstöðum Pétursnefndarinnar s.k. og framkvæmd og árangur þeirra veltur á því að vel verði staðið að málum og aðgerðir samræmdar. Að lokum vill SVP undirstrika að erfitt er að meta áhrif og gagnsemi nýrra laga án þess að sjá innihald nýs endurgreiðslukerfis sem og breyttrar smásöluálagningar.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Sigurður Jónsson', written in a cursive style.

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri